

1968 17/1 Dómur: 3.000.00 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga“.

Málavextir eru þeir, að Þorvaldur Helgi Benediktsson lögreglu-
maður sá ákærða aka bifreið sinni, V 482, austur Hásteinsveg og
síðan suður Boðaslóð þriðjudaginn 23. janúar s.l. Nefndur lög-
reglumaður hefur unnið eið að framburði sínum, enda hefur
ákærði ekki mótmælt þessum framburði. Þennan akstur fram-
kvæmdi ákærði, enda þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfi í
4 mánuði frá 13. nóvember 1967.

Þetta brot ákærða telst varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr.
umferðarlaga nr. 26/1958.

Þar sem hér er um að ræða ítrekunarbrot, þykir refsing ákærða
hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, skal sæta varðhaldi í 45
daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1968.

Nr. 89/1968. **Kristmann Þ. Einarsson**
 gegn
Sigurði Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
kæru 16. apríl 1968, sem barst dóminum 30. s. m. og er
fram komin innan lögmæts kærufrests, miðað við vitneskju
umboðsmanns sóknaraðilja um uppsögu héraðsdóms, sbr.

22. gr. laga nr. 57/1962. Eru dómkröfur sóknaraðilja þær, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með bréfi 20. apríl 1968 hefur héraðsdómari samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1962 tilkynnt kæru máls þessa varnaraðilja, en frá honum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. marz 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 1968, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, birtri 13. október 1967, af Kristmanni P. Einarssyni húsgagnasmið, Miðstræti 8 A, Reykjavík, gegn Sigurði Guðmundssyni málarameistara, Laugarnesvegi 67, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 29.868.00 með 12% ársvöxtum frá 10. maí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefna í málinu er birt þann 17. október 1967.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo orðrétt:

„Skuld þessi stafar af byggingargalla á íbúð o. fl.“.

Um málavexti segir svo í sáttakæru orðrétt:

„Herra málarameistari Sigurður Guðmundsson, Laugarnesvegi 67 hér í borg, skuldar mér kr. 29.862.00 vegna galla á íbúð o. fl. Tilraunir mínar og lögmanns míns til að fá skuldina greidda hafa reynzt árangurslausar“.

Í greinargerð stefnanda segir svo orðrétt:

„Málavextir eru þeir, umbjóðandi minn er eigandi að íbúð á þriðju hæð til hægri í húsinu nr. 198 við Hraunbæ hér í borg. Allir eigendur hússins rituðu yfirborgardómara 10. maí þ. á. beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta galla á múrverki hússins. Daginn eftir voru dómkvaddir matsmenn. Þann 5. júní s. á. ritaði einn sameigenda, Arthúr K. Farestveit, matsmönnum greinargerð, og 29. s. m. kváðu matsmenn upp mat sitt.

Samkvæmt 1. lið reiknings umbjóðanda míns nema skaðabætur fyrir byggingargalla á hans íbúð kr. 26.000.00.

Samkvæmt 2. lið hefur umbjóðandi minn greitt matsmönnum að sínum hluta kr. 1.580.00.

Samkvæmt 3. lið eru skaðabætur til umbjóðanda míns vegna byggingargalla á stiga kr. 2.288.00, sbr. 7. lið matsg.

Áskilinn er réttur til að stefna múrarameistararum, Sigmundi Lárussyni, inn í mál þetta“.

Síðan kemur í greinargerðinni upptalning á framlögðum skjölum.

Svo sem fram kemur í greinargerð stefnanda, byggir hann alfarið fjárhæðir dómkröfu á framlagðri matsgerð, sbr. dómskjal nr. 7.

Af hálfu stefnda var við þingfestingu málsins sótt þing. Fékk stefndi þá frest til að skila greinargerð í málinu. Engin greinargerð barst af hálfu stefnda, og þann 22. febrúar s.l., er mál þetta var tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi, féll þingsókn af hans hálfu niður, án þess að nokkur andmæli kæmu fram frá honum, og var málið þá dómtekið að kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessu verður að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, sbr. 118. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Eins og rakið er hér að framan með orðréttum úrdrætti úr stefnu, sáttakæru og greinargerð stefnanda varðandi lýsingu hans á málavöxtum, er málsreifun af hans hálfu mjög ábótavant.

Hvorki í stefnu né öðrum gögnum málsins, eins og það liggur fyrir héraðsdómara, er sýnt fram á, hvernig stefndi verði gerður ábyrgur fyrir umræddum göllum á íbúð stefnanda. Þegar vegna skorts á þessari meginmálsástæðu og þrátt fyrir útivist stefnda með þeim hætti, sem að framan greinir, verður ekki hjá því komið samkvæmt 88. gr. laga nr. 85 frá 1936, sbr. meginreglu 105. gr. sömu laga, að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Málskostnaður dæmist eigi.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.